

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	24.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Birgitta Sefánsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinsson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins með starfsleyfi Alcoa á Reyðarfirði. Engin frávik komu frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Rætt var um breytt vaktakerfi vegna COVID19 og hvernig rekstur álversins hefði gengið. Ristími á kerum var umfram innri mörk Alcoa en en farið niðrávið síðan. Rætt var um pokaskipti í GTC (Gas Treatment Center) en fyrir þremur árum var skipt yfir í stjörnulaga poka sem hafa meira rúmmál en þeir sem áður voru. Ábatinn hefur ekki enn sést en er í skoðun. Kerlekar voru 24 á síðasta ári en um 5-6 á þessu ári og þá voru 3 mánuðir frá síðasta leka þegar eftirlit fór fram.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnáttur og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnáttur eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhrættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknun og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum fráviks. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Alcoa í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara tvisvar í vettvangsferðir í álverið í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Farið var yfir áhersluverkefnið og olíugeyma á svæðinu.

Rætt var um úrgang og flutning erlendis. Farið var yfir útlistun á fylgiskjöllum vegna úrgangsgáma sem fluttir eru erlendis. Urðun var meiri í fyrra heldur en hefur verið eða um 7% af úrgangi miðað við 0,4% árið 2018 sem er tilkomið vegna þess að kerbrot hafa áfram farið til Noregs í urðunar vegna vandamála með skilgreiningu á endurnýtingu hjá móttökuaðila í Bretlandi. Umhverfisstofnun undirstrikaði ábendingu frá síðasta eftirliti um að skautbrot komi framvegis fram í textalýsingu á úrgangi í viðauka 1a(leyfum fyrir grátt ryk).

Farið var yfir niðurstöður mengunarmælinga og ársfjórðungsskýrslur ásamt BAT kröfum áður en farið var í skoðunarferð um kerskála og útisvæði álversins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.11.2020


Einar Halldórsson